Slökkvilið Reykjavíkur:

Ástandið ekki viðunandi

-segir í úttekt Hrólfs Jónssonar, varaslökkviliðsstjóra

HRÓLFUR Jónsson, varaslökkviliðsstjóri, hefur nýlokið við að gera úttekt á Slökkviliði Reykjavíkur og skilað af sér skýrslu þar um. Hann telur að ástand mála hjá Slökkviliði Reykjavíkur sé ekki viðunandi. Í skýrslunni leggur hann til nokkrar breytingar sem óneitanlega hafa aukin kostnað við rekstur Slökkviliðsins í för með sér.

Hrólfur leggur til að byggð verði ný slökkvistöð í austurhluta borgarinnar og segir að ekki sé unnt að stækka núverandi stöð í Árbæ þar sem lóðin sé of lítil. Ef byggt verði í austurhluta borgarinnar megi leysa húsnæðisvanda aðalstöðvarinnar með því að færa hluta starfseminnar í nýja stöð. Samfara því að byggja nýja stöð vill Hrólfur að slökkviliðsmönnum á vakt verði fjölgað úr 16 í 22-24, enda séu störf slökkviliðsmanna nú mun fjölbreyttari en áður var. Vegna þessa er ekki óalgengt að aðeins séu sex menn tiltækir á aðalstöð ef eldútkall kemur. Slökkvistöðin í Árbæ er einnig oft mannlaus að degi til.

„Sjúkraflutningarnir hafa stöðugt orðið umfangsmeiri í starfi slökkviliðsmanna og það hefur ekki verið fjölgað hjá okkur frá því 1973 en á sama tíma hefur íbúum á svæðinu fjölgað um 22.000. Það gefur auga leið að það þarf að sinna íbúm með sjúkrabílum og öðru en það hefur stöðugt gengið á styrk liðsins," sagði Hrólfur.

Í úttektinni er einnig lagt til að starfsemi þyrlu Landhelgisgæslunnar og neyðarbíls verði samtengd. „Þyrlan er á vegum Landhelgisgæslunnar og verður það áfram. Hún er hins vegar mönnuð læknum sem eru á bakvakt allan ársins hring. Þyrlan var kölluð út um 80 sinnum á síðasta ári en það hefði ekki þurft að senda lækni með henni nema 25-30 sinnum. Það kostar rúmlega þrjár og hálfa milljón að reka þessar bakvaktir vegna þyrlunnar og þarna held ég að megi spara nokkurt fé.

Ef beðið er um þyrlu til aðstoðar yrði haft samband við lækninn sem er á neyðarbílnum. Hann myndi síðan meta það hvort þyrlan þyrfti að fara og þá hverjir færu með henni. Þeir menn sem væru á neyðarbílnum, ættu allir að geta sigið niður úr þyrlunni. Ef þyrlan getur lent þá færi læknirinn úr neyðarbílnum með og Reykvíkingar yrðu þá að búa við það að enginn læknir væri á neyðarbílnum þann tíma sem útkallið tæki."

Hrólfur sagði að ef þessar tillögur hans næðu fram að ganga, hefðu þær í för með sér aukin kostnað. Hann sagði að það kostaði 150 milljónir að reka slökkvistöðina og reikna mætti með að kostnaðurinn ykist um 25-30 milljónir.

„Þessir peningar þurfa ekki endilega að koma beint úr Borgarsjóði. Við erum tiltölulega vel settir gangvart hinum almenna íbúa, en þegar kemur að stærri málum þá erum við illa settir. Ég tel því ekki óeðlilegt að þeir aðilar taki á sig hluta þess aukna kostnaðar sem óneitanlega yrði."

Hróflur segir að Slökkviliðið þurfi oft að fást við ýmis eyturefni við hafnir og því telur hann eðlilegt að Slökkviliðið fái hluta hafnargjalda.

„Það hefur verið viðtekin venja að líta á okkur sem ómaga sem sitjum og gerum ekkert nema þegar kviknar í. Vegna þessa hafa menn talið erfitt að fá einhverjar tekjur af slökkviliðinu. Þessum hugsanagangi þarf að breyta. Slökkviliðið var kallað 5920 sinnum út í fyrra og þar af voru brunar í 3589 tilvikum þannig að það má sjá að við gerum ýmsilegt fleira en slökkva elda," sagði Hrólfur.

Úttekt þessi var tekinn fyrir í Borgarráði fyrir nokkru og sagðist Hrólfur eiga von á því að einhver afstaða yrði tekin fljótelga upp úr áramótum.



Morgunblaðið/Þorkell

Sigfús Halldórsson og Gísli Sigurðsson sýna að Kjarvalsstöðum

Málverkasýningar:

Gísli og Sigfús sýna að Kjarvalsstöðum

GÍSLI Sigurðsson og Sigfús Halldórsson opnuðu á laugardaginn málverkasýningu að Kjarvalsstöðum. Sigfús sýnir 100 vatnslitamyndir og Gísli 55 olíumálverk.

Þetta eru tvær aðskildar sýningar en báðar hófust þær á laugardaginn og lýkur á þorláksmessu. Verkin verða til sýnis milli klukkan 11 og 18 daglega.

Myndir Sigfúsar eru helgaðar Reykjavík og flestar málaðar árin 1989 og 1990. Ein pastelmynd er þó frá árinu 1960 en það er mynd sem Sigfús hefur ævinlega með á Reykjavíkursýningum. Þetta er mynd af Vilhjálmi skaldi frá Skálholti.

Báðar þessar sýningar eru sölusýningar.

Gnúpur GK með met verð í Þýskalandi

GNÚPUR GK seldi 70,5 tonn í Bremerhaven í Þýskalandi á mánudag fyrir 4,59 marka, eða 169,37 króna, meðalverð. Þetta er hæsta meðalverð í mörkum, sem íslenskt skip hefur fengið í Þýskalandi en Már SH fékk 4,35 marka meðalverð fyrir 189 tonn í Bremerhaven 20. mars 1989.

Seld voru 70,5 tonn úr Gnúpi GK í Bremerhaven á mánudag fyrir samtals 11,9 milljónir króna, þar af 53 tonn af karfa fyrir 167,39 króna meðalverð, 10 tonn af þorski fyrir 176,17 króna meðalverð og 3 tonn af ufsa fyrir 180,80 króna meðalverð.

Ástæðan fyrir þessu háa verði í Bremerhaven er lítið framboð, m.a. vegna lélegra aflabragða í Norðursjó og hér við land undanfarið.

Vestmannaeyjar:

Viðurkenningar afhentar

Vestmannaeyjum.

HEILBRIGÐIS-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd Vestmannaeyja bauð til kaffisamsætis fyrir skömmu þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir snyrtimennsku. Samsætið var í Safnaðarheimili Landakirkju, en Safnaðarheimilinu og Landakirkju voru einmitt veitt viðurkenning.

Guðjón Hjörleifsson, bæjarstjóri, flutti ávarp en síðan afhenti Auróra Friðriksdóttir, formaður HUN-nefndarinnar viðurkenningarskjöl og blóm. Viðurkenningu fyrir snyrtilegustu fasteignina árið 1990 fengu Gylfi Sigurjónsson og Lilja Þorsteinsdóttir. Safnaðarheimili Landakirkju og kirkjan fengu viðurkenningu sem snyrtilegasta fyrirtækið og íbúar Birkihlíðar fengu afhent blóm þar sem gata þeirra var valin snyrtilegasta gata ársins, og hefur þegar verið merkt sem slík með þar til gerðum skiltum.

Allir viðstaddir þáðu síðan kaffi og meðlæti í boði HUN-nefndarinnar.

Grímur



Lilja Þorsteinsdóttir og Gylfi Sigurjónsson taka við viðurkenningarskjalinu.

Fimmtán tonna plastbátur strandaði við höfnina á Rifi:

Náðist lítið skemmdur á flot

STAPATINDUR SH 17, fimmtán tonna plastbátur sem gerður er út frá Rifi, strandaði við höfnina þar í fyrrakvöld í mjög slæmu veðri. Þrír menn voru um borð, þá sakaði ekki og náðu að ganga þurrum fótum á land, eftir tveggja tíma bið. Báturinn náðist af strandstað í gær og er lítið skemmdur.

„Það var blindbylur, snjókoma og hvasst," sagði Óskar Finnsson, skipstjóri á Stapatindi, í samtali við Morgunblaðið í gær um ástandið á strandstað í fyrrakvöld. Báturinn strandaði um kl. 21.30 og skipverjar voru komnir frá borði upp úr miðnætti. „Við þráðumst við um borð í um það bil tvo tíma," sagði Óskar og bætti við að þeir hefðu vonast eftir að báturinn losnaði sjálfkrafa.

Stapatindur fór upp í fjöru austan Hólmkelsár, við ármynnið. Var að beygja fyrir svokallaða Tösku á leiðinni inn í höfnina á Rifi, en snjókoman var svo mikil að áhöfnin missti sjónar af innsiglingarljósunum í höfninni og því fór sem fór.

Talsverður öldugangur var í fjörunni og sjór gekk yfir bátinn eftir að hann strandaði. „Það var þó ekki svo rosalegt, því hann fór strax það ofarlega í fjöruna. Skorðaðist þar og stóð á þurru," sagði Óskar.

Veður var gott vestra í fyrradag, en um níu leytið skall á hríð og hvessti mjög, og „veðrið var vitlaust í nótt. Snjó kyngdi niður og það var bálhvasst," eins og lögreglumaður orðaði það við blaðamann. Reynt var að koma spotta úr varðskipi, sem kom á staðinn, yfir í Stapatind en það tókst ekki vegna veðurs. Því var beðið þar til í gær, er veður var orðið gott á ný, og dró Þorsteinn SH Stapatind út á flóðinu eftir hádegi. Bátarnir eru báðir í eigu Nesvers.

„Það er alltaf einhver hætta fyrir hendi þegar svona gerist, en hún var ekki ekki mikil. Við biðum rólegir eftir að björgunarsveitarmennirnir kæmu, og ég vil nota tækifærið og skila þakklæti til þeirra," sagði Óskar við Morgunblaðið, en það voru björgunarsveitarmenn frá Hellisandi og Ólafsvík sem komu á staðinn.

Skemmdir á bátnum urðu ekki alvarlegar að sögn skipstjórans. „Það á eftir að skoða þær betur, en vonandi komumst við út sem fyrst," sagði Óskar. Í áhöfn Stapatinds voru, auk hans, Björgvin Þorvarðarson og Úlfar Jónsson.

Elly Ameling heldur jólatónleika fyrir Barnaheill


ELLY Ameling ljóðasöngkona frá Hollandi og píanóleikarinn Dalton Baldwin munu halda jólatónleika í Háskólabíói á vegum samtakanna Barnaheill sunnudaginn 16. desember kl. 14.

Undirbúningur tónleikanna hefur staðið frá því í sumar þegar Elly Ameling lét í ljós ósk sína að koma hingað til landsins „og syngja fyrir börnin" eins og hún orðaði það og um leið styðja starf samtakanna Barnaheilla sem stofnuð voru fyrir rúmu ári.

Einnig mun kór Öldutúnsskóla, undir stjórn Egils R. Friðleifssonar, taka þátt í tónleikunum og Lúðrasveit Laugarnesskóla, stjórnandi Stefán Stephensen, flytja jólalög í anddyri Háskólabíós á undan tónleikunum. Á efnisskrá verða velþekkt lög eftir Schubert, Brahms og Hugo Wolf ásamt jólalögum frá ýmsum löndum. Síðast á dagskrá munu listamenn og áheyrendur syngja Heims um ból. Sviðið verður jólalegt og er skreyting þess í höndum starfsfólks Blómavals.

Miðar eru seldir á skrifstofu Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói og einnig við innganginn við upphaf tónleikanna. Eimskip hefur styrkt þessa tónleika þannig að allur ágóði rennur óskiptur til starfa Barnaheilla.

Við hvetjum alla að koma á þessa tónleika, hlýða á fallegan söng og komast í jólaskap um leið og gott málefni er styrkt.



Elly Ameling ljóðasöngkona

(Fréttatilkynning)